Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

8. tölublað · Þriðjudagur 21. febrúar 1978 · 7. árgangur · Verð kr. 80.-

Málfrelsi er sjálfsagður einstaklingsréttur

Velheppnaður fundur til styrktar málfrelsissjóði var haldinn sunnudaginn 19. jan.

Kynnir á fundinum var Jón Múli Árnason og var dagskrá fundarins með léttu yfirbragði og skemmtu þar margir góðkunnir listamenn. Tveir stuttir leikþættir voru fluttir og tónverk. Ennfremur lék Spilverk Þjóðanna þrjú lög við hæfi og eitt ekki, að þeirra sögn. Sá galli var þó að Diddú vantaði. Næst hæsti punktur hátíðarinnar í Háskóla bíói var þó ræða Sigurðar A. Magnússonar þar sem hann rakti hvernig staðið var að undirskriftasöfnun "Varins lands" á dögunum. Því líkti Sigurður við aðferðir fasistanna í Grikklandi þar sem óttanum er beitt gegn alþýðunni. Í Grikklandi væri þó beitt ómannúðlegri aðferðum en hérlendis. En hér var þeim aðferðum t.d. beitt að atvinnurekendur voru látnir skrifa efst og aðrir yfirmenn vinnustaða. Þannig er starfsmönnum gert erfitt fyrir um það að neita að skrifa undir því þeir kjósa vinnufriðinn og atvinnuöryggið. Menn eru misjafnlega hugaðir og tilbúnir að leggja út í baráttuna við stéttaróvininn og því er erfitt að leggja mönnum það svo mjög til lasts þó svo þeir hafi einhverra orsaka vegna, skrifað undir það sem þeir voru alls ekki sammála.

Einnig sagði Sigurður að hann þekkti nokkra menn sem skrifað höfðu nöfn sín á lista "Varins lands" og einnig á lista gegn lista "Varins lands"!


Ekki taldi Sigurður rétt að áfellast þessa menn hart þó svo þetta væri auðvitað tvískinnungsháttur. Friðinn við allt og alla vilja menn helst halda í lengstu lög. En neyðin getur þó leitt til þess að menn verði að taka upp baráttu fyrir afstöðu sinni og það er auðvitað hið rétta.

Hæsti punktur skemmtunarinnar var svo vel skipulögð og heppnuð fjársöfnun í Málfrelsissjóð en hann er mikilvægt að styrkja. Því þau skref sem yfirstéttin hér er að stíga nú t.d. uppboðið á húsi Guðsteins Þengilssonar fyrir réttmæt orð hans gegn VL-mönnum, geta leitt til enn alvarlegri árása á þau sjálfsögðu mannréttindi sem við eigum að geta búið við - málfrelsið. Öllum árásum á þessi lýðréttindi verður að svara með fyllstu hörku og sameiningarkrafti.

Yfirstéttin hérlendis sem og í öðrum auðvaldslöndum hefur sitt eigið málfrelsi. Hún ræð

Framhald á síðu 3.





Auðstéttin sýnir sitt rétta andlit

Atvinnurekendur og ríkisvald þeirra býður launafólki landsins tvo kosti til að velja á milli. Annar er sá að verkalýðshreyfingin viðurkenni rétt þeirra til að svíkja og brjóta á bak aftur með laga boðum gerða samninga um kaup og kjör, með því að sætta sig við frumvarp þess efnis, sem ríkisstjórnin hefur nú samþykkt á Alþingi.

Hinn valkosturinn er atvinnuleysi.

Þessa tvo kosti býður ríkisvaldið okkur og segir að betur geti það ekki boðið, svo illa sé "þjóðarbúið" komið vegna þess hve kaup launafólks hafi hækkað mikið við síðustu samninga. En sé málið skoðað örlítið betur og tekið fyrir hvernig yfirstéttin og taglhnýtingar hennar reka þetta "þjóðarbú" sitt, hvað kemur þá í ljós?

Öllum er ljóst að verðmæti geta einungis orðið til við það að framkvæmd sé vinna.

Samkvæmt því eru peningar nokkurs konar mælikvarði á verðmæti framleiðslunnar, þ.e. á það hversu mikil vinna hefur verið lögð í ákveðinn framleiddan hlut. Þannig verða þeir til að auðvelda viðskipti en það sem höfuð máli skiptir er að án vinnu sem skapar arð eru peningar verðlausir. Hitt er svo annað mál að vinnan og framleiðslan blómgast hæglega án peninganna, þó slíkt þekkist ekki í auðvaldsþjóðfélögum.

Af ofangreindu leiðir að atvinnurekendur, þingmenn, braskarar, háttsettir embættismenn o.fl. sem aldrei leggja neina vinnu af mörkum til þjóðfélagsins, eru sá baggi sem verkafólk verður að rogast með. Það er þessi afætulýður sem ber ábyrgð á verðbólgunni, löngum vinnudegi, lélegum kaupmætti launa, þungum sköttum o.s.frv.. Og það er þessi sami lýður sem er tilbúinn að taka á sig ábyrgðina af atvinnuleysi ofan á allt annað á sinni óhreinu samvisku.

Hverjir eru það t.d. sem bera ábyrgðina á því að hérlendis er verið að byggja járnblendiverksmiðju, sem sérfræðingar hafa þó sýnt fram á að kemur til með að skila tuga miljarða króna halla? Hér er byggð aflvanavirkjun sem kostar á annan tug miljarð - Krafla. Til að bjarga við atvinnurekstri eins stéttarbróðurins er keypt af honum fyrir offjár gamall hjallur sem er til einskis nýtur - gegn vilja alþýðunnar í landinu sem þó átti kaupféð. Hjallur þessi er Víðishúsið.

Svona mætti lengi telja og það er alltaf það sama uppi á teningnum þ.e. tilvist borgarastéttarinnar er höfuðbölvaldur þjóðfélagsins. Og þó Alþýðubandalagið sé að sýnast vera barnanna best, þá stendur það þó í rauninni fast í aurnum upp fyrir haus ásamt hinum þingflokkunum.

Í því sambandi nægir að nefna aðgerðir síðustu "vinstri "stjórnar í efnahagsmálum (vísitalan tekin úr sambandi), setu Ragnars Arnalds í Kröflu nefnd og baráttu þáverandi iðnaðarráðherra Magnúsar Kjartanssonar fyrir því að reisa hér járnblendiverksmiðju í samstarfi við fjölþjóðaauðhringa (sbr. bréf hans og beiðni til Union Carbite).

Gagnaðgerðir verkalýðssamtakanna.

Eina aflið sem barist getur með árangri gegn þessari öfugþróun og spillingu sem er gegnum gangandi í auðvaldsþjóðfélaginu er verkafólkið og önnur vinnandi alþýða undir forystu Kommúnistaflokks Íslands ml sem er í eðli sínu alger andstæða

Framhald á baksíðu

Viðtal við fólk úr „Nýrri hreyfingu"

Stb.: Hver voru tildrög mótframboðsins?

Svar: Almenn óánægja félaga í Starfsmannafélagi Reykjavíkur borgar með uppgjöf stjórnar innar í kjaradeilunni í haust.
1. Stjórnin undirbjó ekki verkfallsaðgerðir.
2. Stjórnin dró kjark úr félags mönnum.
3. Stjórnin rauf samstarfið við BSRB.
4. Stjórnin gekk að lélegum kjarasamningi og knúði fram samþykkt hans með áróðri og villandi upplýsingum.

Stb.: Fyrir hvað gagnrýnið þið núverandi stjórn?

Svar: Fyrir að gæta ekki hagsmuna félagsmanna, hvorki launalega, félagslega, né faglega. Hún hefur lagt höfuð áhersluna á traust, velvilja og góða samvinnu við borgaryfirvöld.

Stb.: Hvaða áhrif hefur stefna stjórnarinnar haft fyrir félagsmenn?

Svar: Þau að félagsmenn hafa litla félagsvitund, sækja ekki þá fáu fundi sem haldnir eru og finnst að þeir geti ekki haft nein áhrif á gang mála. Þeir sætta sig við óviðunandi vinnuaðstöðu og láta óátalið þótt nú 20. febrúar '78, hafi ekki enn verið gengið frá sérkröfum sem sumar áttu að koma til framkvæmda 1. júlí s.l.

Stb.: Hvaða stefnu leggið þið fram í málefnum félagsmanna?

Svar: Að sinna fyrst og fremst hagsmunum þeirra;
1. Launalega með launajöfnun-

Framhald á síðu 2.



Ekki höfðu félagsmenn í BSRB og um leið Starfsmanna félagi Reykjavíkurborgar fyrr fellt sáttatilboðið, en stjórn Starfsmannafélagsins reyndi að koma þeim lítið breyttum í gegn, til að rjúfa samstöðu BSRB.

LEIÐARI

Allsherjarverkfall

Boðun allsherjarverkfalls er það svar sem verkalýðshreyfingin gefur við kaupránslögum ríkisstjórnarinnar. Er þetta svar verkalýðshreyfingarinnar á einhvern hátt óeðlilegt eða óraunhæft að gripið sé til svo róttækra aðgerða sem ólöglegt allsherjarverkfall er.

Þó að hér sé talað um að þetta boðaða allsherjarverkfall verkalýðshreyfingarinnar sé ólöglegt þá mætti á sama hátt segja að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu ekkert annað en ólög. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru lögbrot, brot gegn frjálsum samningsrétti, sem er vissulega bundinn með lögum. Aðgerðir sjórnvalda eru því ólög sem mæta verður af fullri einurð til að verja frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaganna.

Í ljósi þessa verður verkfallið að teljast nauðsyn, þó ekki væri nema til að mótmæla og berjast gegn ólögum og árásum á rétt verkalýðsfélaganna til að semja um kaup og kjör. Þetta eru ekki aðeins mikilvæg mannréttindi, heldur einnig eina leið alþýðufólks til að vernda kjör sín í óðaverðbólgu okkar tíma.

Hvernig sem litið verður á þetta er því augljóst að hvaða aðgerðir sem verkalýðshreyfingin grípur til í þeim tilgangi að brjóta á bak aftur kaupránslög ríkisstjórnarinnar, eru þær gerðar af nauðsyn vegna ástands sem ekki er hægt að kenna verkalýðshreyfingunni um.

Þau sambönd og félög sem ætla sér að standa að verkfallinu eru flest ef ekki öll stærstu félögin innan ASÍ, auk FFSÍ og BSRB ásamt fleiri félögum. Alls mun verkfallið ná til all flestra vinnandi manna í landinu. Ef af verður, mun þetta því verða víðtækasta verkfall sem nokkurn tíma hefur verið háð. Styrk þessara aðgerða er ekki eingöngu hægt að athuga út frá þeim fjölda sem tekur þátt í þeim. Þar kemur fleira til eins og t.d. þær kröfur sem gerðar eru og hvernig framkvæma á verkfallið.

ASÍ hefur sett fram kjörorðið "Samningana í gildi", en er það aðeins það sem við þurfum? Er það nægilegt að fá aðeins síðustu samninga í gildi aftur? Í ljósi þess að síðustu samningar gerðu hvorki ráð fyrir mestum kjarabótum til þeirra lægst launuðu, né settu markið á að dagvinna nægði til framfærslu, hljótum við að setja markið hærra. Við hljótum að setja fram kröfur um það að ekki verði aðeins barist gegn ólögum ríkisstjórnarinnar, heldur setji verkalýðshreyfingin sér það mark að kjör þeirra lægst launuðu verði bætt og 40 stunda vinnuvika nægi til framfærslu. Þetta ættu að vera þær kröfur sem verkalýðshreyfingin gerði í tilefni af allsherjarverkfallinu.

Framkvæmd verkfallsins má heldur ekki renna út í sandinn vegna stéttasamvinnu forystunnar. Nú hefur það heyrst að forustan sé að guggna á verkfallinu, nema þá að það standi í einn eða tvo daga. Slíkur undansláttur er hrein svik og getur ekki leitt til neins nema ósigurs. Verkfall í einn eða tvo daga er lítið annað en sýning, eins konar hátíð fyrir foringjana til að láta hylla sig, en engin barátta. Slíkt getur róttæk verkalýðshreyfing ekki látið bjóða sér og hlítur því að mótmæla harðlega. Þess í stað munum við krefjast harðra aðgerða sem verði skipulögð með þátttöku fjöldans. Treystum á fjöldann og krefjumst skipulags sem þjónar markmiðum baráttunnar, en er ekki aðeins auglýsing á forystunni. Berjumst gegn undanslætti forustunnar og eflum baráttu verkalýðsfélaganna á grundvelli fjöldabaráttunnar.

31. þing Fylkingarinnar

Helgina 17.-19. febrúar, var haldið í Reykjavík 31. þing Fylkingarinnar (FBK). Fyrir þinginu lá 37 síðna tillaga að stjórnmálaályktun, sem fjölrituð var út rétt fyrir þingið og hafði greinilega lítið verið rædd. Einnig lá fyrir tillaga um kosningaþátttöku, lög ofl.

Greinilegt var á þessu þingi, hvað Fylkingin er gjörsamlega föst í stéttasamvinnustefnunni. Þeim Fylkingar-mönnum varð tíðrætt um "verkalýðsflokkana Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkinn". Voru reyndar ekki allir á eitt sáttir um ágæti þessara flokka, en greinilega var meirihluti fyrir því að samfylkja með þeim innan verkalýðshreyfingarinnar og þá að sögn gegn borgaraflokkunum. Eða eins og segir svo snilldarlega í stjórnmálaályktuninni: -"Samfylking verkalýðsflokkanna gegn borgaraflokkunum á grundvelli stéttabaráttu". Þetta er eins og að segja: -Samfylking stéttasamvinnuflokka gegn borgaraflokkum á grundvelli stéttabaráttu...?

Kosningarnar.

Varðandi kosningaþátttöku FBK, var deilt um hvort í fyrsta lagi skyldi stefnt á sjálfstætt framboð og í öðru lagi á gagnrýninn stuðning við Alþýðubandalagið ef "stéttabaráttutendens" kæmi þar upp eða hvort snúa skyldi dæminu við. Allir virtust þó sammála um að veita Alþýðubandalaginu gagnrýninn stuðning í bæjar- og sveitastjórnarkosningum og alls staðar sem FBK býður ekki fram.

Gagnrýninn stuðningur. Hvað skyldi það nú vera? Ætli maður kannist ekki við þennan gagnrýna stuðning Fylkingarinnar við Alþýðubandalagið. Það er maldað í móinn og sagt að auðvitað þurfi að gera betur hér og þar

EN samt sem áður ekki má "kljúfa" verkalýðshreyfinguna og því ber að styðja Alþýðubandalagið með öllum sínum svikum. Hvaða leiðsögn þykist FBK veita alþýðunni, ef hún bendir alltaf á svikastefnu Alþýðubandalagsins sem eina valkostinn?

Krónur eða kjör.

Sem kunnugt er studdi Fylkingin 100 þús.kr. kröfu ASÍ fyrir síðustu samninga. Þessi krafa var röng. Hún afvegaleiddi baráttu verkalýðsins með því að innprenta honum að baráttan snúist um krónur og aðeins ef þær séu nógu margar verði allt gott. Þegar svo krónunum fjölgar en lífskjörin versna stöðugt, sér verkalýðurinn að þessi afstaða er röng. Ef þeir sem kalla sig kommúnista hafa einnig fylgt þessari stefnu, þá hafnar verkalýðurinn forustu þessara kommúnista um leið og hann hafnar stefnu þeirra. Stéttasamvinnustefnan afvegaleiðir ætíð baráttu verkalýðsins, í nafni sósíalismans, þar til verkalýðurinn sér í gegn um svikin og snýr baki við henni. En snýr hann baki við sósíalismanum um leið? Það fer mikið eftir ítökum kommúnistanna í verkalýðsstéttinni, hvort þeim hefur tekist að ná upp innan stéttarinnar sterkri stöðu þeirra sem berjast vilja óvæginni baráttu gegn stéttaróvininum.

Stéttasamvinnustefnan.

Greinilegt er að Fylkingin ætlar ekki að losa sig úr viðjum stéttasamvinnustefnunnar.

Þótt þeir tali um að í verkalýðshreyfingunni ráði "skriffinnar" og að forysta verkalýðsflokkanna sé "drullukeppir", þá skortir þá algjörlega skilning á hver drullan er í keppunum. Hún er stéttasamvinnustefnan. Stéttasamvinnustefnan miðar að samstarfi verkalýðsstéttar og borgarastéttar með hagsmuni þeirra síðarnefndu fyrir augum. Þetta skilur FBK ekki, eins og eftirfarandi klausa úr stjórnmálaályktun þeirra ber með sér: "Við bendum á að stærsta-verkefni okkar í dag er ekki uppgjör milli byltingarsinna og endurbótasinna, innan verkalýðshreyfingarinnar, heldur uppgjör milli verkalýðsflokka og borgaraflokka."

Þannig ætlar Fylkingin að stilla sér upp við hlið hinnar uppkeyptu verkalýðsforystu.

Framhald af forsíðu

Viðtal við fólk ur „Nýrri hreyfingu

arstefnu, útstrikun lægstu launaflokkanna og með jafn rétti í raun.

2. Félagslega, með uppbygg ingu trúnaðarmannakerfis, framkvæmd ákvæða um aðbún að á vinnustöðum og með baráttu fyrir dagvistun fyrir börn allra.

3. Faglega, með skipulagningu endurmenntunar og með þátttöku starfsmanna í umræðu um tilhögun vinnu og verkaskiftingar á vinnustöðum.

Stb.: Hver urðu viðbrögð stjórnarinnar?

Svar: Eftir allsherjaratkvæðagreiðsluna um samninginn, sem samþykktur var í haust, var reynt að hafa upp á þeim félögum sem hvatt höfðu til að fella hann og sumir urðu fyrir hálfgerðum ofsóknum:

Erfitt reyndist einnig að afla upplýsinga um hvernig standa skyldi að framboði. Ekkert félagsmannatal var til á skrifstofu félagsins.

Stb.: Hver urðu viðbrögð hins almenna félaga?

Svar: Félagsmenn tóku mótframboðinu mjög vel og sýndu mikinn áhuga, t.d. mættu amk 300 manns á félagsfundinn sem haldinn var 8. febrúar sl. vegna mótframboðsins og um ræður voru mjög líflegar.

Stb.: Á hvern hátt undirbjugguð þið framboðið?

Svar: Við fundum hvert annað í allsherjaratkvæðagreiðslunni og hvöttum alla félaga sem við náðum til að fella samninginn. Síðan mynduðum við starfshóp til að undirbúa framboð í stjórnarkosningum. Þessi starfshópur fékk nafnið undirbúningsnefnd og hún hefur haldið vikulega fundi síðan í nóvembar. Starfið hefur verið mjög tímafrekt og margir lagt þar hönd á plóginn. T.d. unnum við sjálf blaðið okkar, settum það upp eins og kallað er og dreifðum því.

Stb.: Hvernig metur ðu niðurstöðu kosninganna?

Svar: Sem mikinn ósigur núverandi stjórnar. Það er augljóst að hún nýtur ekki trausts félagsmanna. Formaður fékk 57% greiddra atkvæða, en kosningaþátttakan var ekki nema um 62%.

Stb.: Hver eru framtíðaráform ykkar?

Svar: Við höldum starfinu áfram. Framundan er aðal fundur félagsins, kosningar til fulltrúaráðs og að ári verður aftur kosið í stjórn félagsins.

Áskrifendur athugið!

Lausasala kr 80.-		
Heilt ár eða 48 tölublöð	Baráttuáskrift	kr. 5.500.-
" " " "	Venjuleg áskrift	kr. 3.500.-
Hálft ár eða 24 tölublöð	" "	kr. 2.000.-
Erlendis, sent vikulega, 48 tbl.		kr. 7.000.-
Erlendis sent hálfsmánaðarlega (2 blöð í einu)		kr. 5.500.-
Til öryrkja og aldraðra, heilt ár		kr. 500.-

Lesið úr Stéttabaráttunni í Ríkisútvarpinu!

Í fyrsta tbl. Stéttabaráttunnar á þessu ári birtist grein, sem bar yfirskriftina "Hlutleysi útvarpsráðs". Þar var fjallað um þá ákvörðun útvarpsráðs frá 27. feb. '76, þar sem stendur: "Einu sinni í viku skal lesa úr leiðurum landsmálablaða sem komið hafa að jafnaði út vikilega um eins árs skeið". Enn fremur er sagt í greininni að nú skuli látið reyna á hvort ákvörðun útvarpsráðs skuli látin gilda einnig um Stéttabaráttuna, sem komið hefur út vikulega í rúmt ár. Sl. þriðjudag var síðan kveðið upp úr um það af hálfu útvarpsráðs að málaleitan blaðsins væri samrýmanleg þeim reglum sem það setti. Því er þess að vænta að lestur úr leiðurum Stéttabaráttunnar berist á öldum ljósvakans að nýju eftir rúmlega eins árs hlé, Þetta er vissulega fagnaðarefni og skal þeim sem hlýða vilja, bent á að opna fyrir útvarpstækin sín á mánudagsmorgnum.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti23.
● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.
● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.
● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum38.
● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.
● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c, Keflavík.

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v.444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.
● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson. Kämnärsvägen 11 N : 220. 22246 LUND

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

RAUÐUR VETTVANGUR frá lesendum

Hvað gengur á ?

Í næst síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar blasti við saklausum lesendum fyrirsögn sem hljóðaði svo: "Styðjum mótframboðið gegn St. Rv." Furðulegt. St. Rv. er skammstöfun á Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Skyldu allir hafa komist að þeirri niðurstöðu án vangaveltna? Sleppið skammstöfunum í fyrirsögnum. Annað er þó verra í sambandi við þessa fyrirsögn Erum við á móti St. Rv.? Nei, en við erum á móti stjórn St. Rv. Fyrirsögnin var því röng. Farið varlega í uppsetningu fyrirsagna.

Í síðasta tölublaði birtist grein sem bar yfirskriftina "Mætum kjaraskerðingum með skæruverkföllum".

Ýmsar furðulegar hugsanir virtust mér vaða uppi. Ég vil nefna eitt dæmi: Talað er um "lífskjör okkar, kvenna okkar og barna". Ég spyr: er verkalýðurinn aðeins karlkyns?

Þriðja atriðið sem ég vil kvarta yfir er að oft ber svo við að greinar eru illa prófarkalesnar (sem átti t.d. við síðastnefnda grein). Annað verra er það að vélritarar virðast ekki kunna að skipta orðum milli lína. Er hvort tveggja mjög leiðinlegt að berja augum.

Með von um að þessi gagnrýni hafi áhrif í þá átt að bæta eina kommúníska blaðið á Íslandi sem er á réttri leið.

Glaðvakandi.

Gagnrýni frá lesenda

Í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar því 7. í 7. árgangi er forsíðugrein sem heitir "Mætum kjaraskerðingunum með skæruverkföllum". Ég er sammála því sem greinarhöfundur leggur til, að svar árásum á kjörin með beittasta vopninu; skæru verkföllum. En það er annað atriði í greininni sem stakk mig í augun þegar ég las það. Greinarhöfundur segir nefnilega á einum stað: "Það er lífskjör okkar, kvenna okkar og barna sem við verðum að verja,..." Af þessu má ráða að það séu aðeins verkakarlar sem eigi að berjast gegn kjaraskerðingunum. Ég trúi því illa að greinarhöfundur geri sér ekki grein fyrir því að hann er líka að tala um lífskjör verkakvenna. Og ef hann skyldi ekki vita það, þá má benda honum á að verkakonur eru oft fyrirvinnur síns heimilis. Fyrir nú utan það að flest alþýðufólk býr við þau kjör að bæði hjónin verða að vinna úti ef þau eiga að lifa sómasamlega. Þessi greinarhöfundur ætti að skammast sín fyrir að hafa svona íhaldssama og smáborgaralega afstöðu til hlutverks verkakvenna.

Enn einu sinni sannast á kommúnistunum það sem Lenín og Clara Zetkin komust að í umræðum sínum um kvenfrelsisbaráttuna; að í þeim efnum þyrfti ekki annað en að klóra í kommúnistann og þá kæmi smáborgarinn í ljós.

En sem betur fer er þetta áreiðanlega ekki afstaða Kommúnistaflokksins, heldur er þarna aðeins um að ræða að einhver er undir áhrifum frá borgaralegum áróðri og hugmyndafræði. Þessa ályktun dreg ég af því að í sama blaði eru tvær greinar um kvennabaráttuna og sú afstaða hefur greinilega komið fram í Stéttabaráttunni að kvennabaráttan sé órjúfanlegur hluti stéttabaráttunnar. Ég vona að framvegis verði fjallað betur og af meira viti um kvennabaráttuna í blaðinu.

Lesandabréf 16/2 1978

Forsíðugrein 7. tbl. Stéttabaráttunnar, sem ber nafnið "Mætum kjaraskerðingunni með skæruverkföllum", er tilefni þessa bréfs. Í greininni er tekin fyrir nauðsyn þess að verkalýðurinn sameinist gegn þeim kjaraskerðingum sem nú eiga sér stað. En það sem stakk mig við lesturinn var setningin: "Það eru lífskjör okkar, kvenna okkar og barna sem við verðum að verja" osfrv. Greinarhöfundur álítur sem sé að aðeins séu karlar í verkalýðsstétt. Konur og börn leggur hann að jöfnu, og karlmaðurinn skal sjá um baráttuna fyrir þessar eignir sínar. En ég vil benda greinarhöfundi á, hafi hann ekki vitað það, að helmingur verkalýðsins er nefnilega konur. Eða hvaða stétt tilheyra annars útivinnandi verkakonur eða húsmæður á heimilum þar sem fyrirvinnan er verkamaður. Það er því ekki og hefur ekki verið neitt einkamál karla að berjast fyrir hagsmunum stéttarinnar.

Að lokum, greinarhöfundur, þá er ~~það~~ ekki hlutverk kommúnista að reyna að viðhalda klofningi milli kynja í verkalýðsstétt. Borgararnir hafa séð um það hingað til, og tekist vel.

Ég vil líka benda á að fyrrgreind afstaða brýtur svívirðilega í bága við það sem áður hefur birst í Stéttabaráttunni um þessi mál og eins það sem ég hef kynnst af starfi félaga Kommúnistaflokksins, bæði að jafnréttismálum og eins verkalýðsmálum.

KVENNABARÁTTA Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU.

Baráttukveðjur.
Verkakona og húsmóðir.

Athugasemd frá ritnefnd

Það er aldeilis að lesendur blaðsins tóku við sér. Ritnefnd Stéttabaráttunnar vonar svo sannarlega að þeir haldi áfram að vera jafn árvökulir yfir innihaldi blaðdins. Ábendingar hafa oft komið til að standenda og sölumanna blaðsins um ýmislegt sem betur má fara og eru allar slíkar ábendingar mjög vel þegnar. Enn betra er þó þegar lesendur senda okkur línu, það sýnir líka að lesendur fylgjast með blaðinu af áhuga og láta sér ekki á sama standa hvað þar birtist.

Gagnrýni á þá setningu, sem er kveikjan að lesendabréfunum, vill ritnefnd taka undir.

Það sem greinarhöfundur vildi koma á framfæri er, að hver einstakur verkamaður (karlkyns eða kvenkyns), væri ekki aðeins að verja sjálfs sín lífskjör, heldur allrar fjölskyldu sinnar. Það tekst hins vegar óhönduglega að koma þessari hugsun á blað og er þá gripið til þess ráðs að birta nærtækasta dæmi. Slík dæmi eru í flestum tilvikum alls ekki algild, þótt vegna slæmrar framsetningar verði ekki annað ráðið af greininni. Annað atriði er svo að auðvitað á öll fjölskyldan að taka þátt í baráttunni fyrir bættum lífskjörum, jafnvel þótt aðeins einn vinni fyrir tekjum hennar.

Úr þessum atriðum verður ritnefnd að bæta með betri stjórnun á blaðinu. Hún verður að lesa gaumgæfilega yfir þær greinar sem koma og leiðrétta þær með greinarhöfundi, svo hann átti sig á villum sínum og eigi auðveldara með að fyrirbyggja slíkar í framtíðinni og einnig til þess að lesendur þurfi ekki að lesa sömu setninguna þrisvar, til þess að geta svo kannski með góðum vilja ráðið í rétta meiningu. Það er óumræðanlega mikilvægt að bæta ritstílinn, því óskýr framsetning veldur óskýrum skilningi og oft misskilningi.

Um slæman prófarkalestur og frágang er það að segja, að hann stafar aðallega af þrem atriðum: vankunnáttu, hroðvirkni og tímaskorti. Vankunnáttu má bæta úr, með kennslu og einnig með góðum prófarkalesurum. Gegn hroðvirkni þarf að beita gagnrýni og leiðsögn til að gera menn meðvitaðri um mikilvægi vandvirkni í öllu sínu starfi. Úr tímaskortinum viljum við ekki bæta með lengri vinnslutíma, heldur með því að skipuleggja betur þann tíma sem við höfum svo hann nýtist betur. Hafa þegar komið ábendingar þar um frá félögum í vinnsluhópum.

Ritnefnd vonar að sem flestir fylgi góðu fordæmi og komi á framfæri gagnrýni og tillögum til blaðsins. Einnig stendur auðvitað til boða að skrifa gagnrýni á pólitíska stefnu Stéttabaráttunnar og Kommúnistaflokksins, eða koma með fyrirspurnir þar að lútandi.

Ritnefnd.

ATH!
Nýji opnunartími bókabúðarinnar Rauðu Stjörnunnar er 15.30-18.30 daglega.

Framhald af baksíðu

EIK(m-l): Sundrungarafl í röðum alþýðunnar

Eins og fram kom í viðtali við einn forystumann vinstri stúdenta í 7. tbl. Stéttabaráttunnar, reyndu Eikml að brjóta niður samstöðu þeirra á kosningaráðstefnu sem haldin var sunnudaginn 12. feb.

Þar klufu "Eikarar" sig út og neituðu samstarfi við vinstri stúdenta og munu máske bjóða fram einir og sér.

Innan Samtaka herstöðvaandstæðinga hefur stefna "Eikara" verið sú að betra sé að standa einir og sér "með hárrétta afstöðu til heimsvaldastefnu Sovétríkjanna", heldur en samfylkja með herstöðvaandstæðingum í mótmælaaðgerðum fyrir utan sovéska sendiráðið og berjast fyrir því innan SHA að þau taki upp óvægna baráttu gegn heimsvaldastefnu Sovét. Í þessu máli þ.e. 21. ágúst, birtist enn einu sinni skilningsleysi Eikml á mikilvægi einingarinnar.

Nú hefur einn félagi í Eikml (Atli Rúnar) lýst því yfir að Eikml ætli sér að brjóta niður Kommúnistaflokkinn með rógi.

Í tilefni þessara ummæla hans verður birt grein í næsta tbl. Stéttabaráttunnar eftir Enver Hoxha formann Flokks vinnunnar í Albaníu, grein sem heitir Um söguburð.

Öll þessi dæmi eru um andstöðu Eikml við hreyfingar innan alþýðunnar. Þetta mál um andstæður innan alþýðunnar hefur Mao Tse-tung tekið mjög rækilega fyrir og bent þar skýrt á að slíkar móthverfur séu sættanlegar séu þær teknar réttum tökum.

En sé reynt að skerpa þær með sundrungarstarfi geta þær orðið ósættanlegar og þá auðvitað á kostnað einingarinnar innan raða alþýðunnar. Í dag er alþýðan á Íslandi mikið sundruð þ.e. innan hennar eru margar móthverfur. Þess vegna er mikilvægt að gerður sé skýr greinarmunur á þeim sem sættanlegar eru og þeim sem búið er að gera ósættanlegar.

Sú pólitík sem Eikml rekur innan raða alþýðunnar er í fáum orðum sú - annað hvort ertu með mér í öllum málum eða þú ert á móti mér. Þannig fjandskapast Eikml við alla mögulega bandamenn sína. Þessi afstaða þeirra birtist skýrt í orðum Bjarna Jónssonar þegar hann sagði að Eikml yrðu að byrja á að einangra sig frá öllum öðrum hreyfingum svo skýr greinarmunur sæist á þeim og hinum.

Þetta sama segir svo leiðari málgagns samtakanna 3. tbl. eða "loks hafa Eikml ekki afmarkast nógu skýrt á "vinstri" vængnum í augum fjöldans". Þessa sömu einangrunarsinnuðu afstöðu höfðu KSML á sínum tíma og hana hefur brotthlaupsmönnum úr Kommúnistaflokknum tekist að bera með sér og innleiða í Eikml.

Að lokum vil ég benda tíðindariturum Eikml á það að skrifa ekki huglægt um mál sem þeir þekkja ekki til og taka til þeirra afstöðu án þess að kanna þau til hlítar.

Hér á ég við Dagsbrúnarmálið aðallega.

/ghb

Framhald af forsíðu

Málfrelsi er sjálfsagður einstaklingsréttur

ur yfir öllum stærstu fjölmiðlum, prentsmiðjum og fundarstöðum svo það er engan veginn hægt að segja að í neinu sé jafnt á komið um málfrelsið. En því frekar er mikilvægt fyrir okkur að vernda þó þann rétt okkar til að opna munninn og gefa frá okkur hljóð sem túlka hugsanir okkar og eins réttinn til að hreyfa penna með hendinni og skrifa orð sem túlka skoðanir okkar í þeim málgögnum sem þær hafa aðgang að.

Svörum af fyllstu hörku öllum árásum borgarastéttarinnar á lýðréttindi í þjóðfélaginu.



Beiting meiðyralöggjafarinnar hefur verið notuð til að reyna að hindra málflutning Herstöðvaandstæðinga.


Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
Þriðjudagur 21. febrúar 1978

STÉTTABARÁTTAN -kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17
101 R


Frá stofnfundi Róttæka félagsins.

Róttæka félagið

Baráttufundur gegn kjaraskerðingarfrumvarpi ríkisvaldsins var haldinn í húsakynnum M.R. fimmtudaginn 16. febrúar. Ræðumenn voru þrír: Guðmundur J. Guðmundsson frá Alþýðubandalaginu, Guðmundur Hallvarðsson frá Fylkingunni og Gunnar Andrésson frá Kommúnistaflokknum. Auk þeirra tróð Hjördís Bergs upp og flutti þrjú lög.

Ræðumenn röktu innihald frumvarpsins, skýrðu út hverjar afleiðingar þess yrðu og töldu nauðsynlegt að verkafólk stæði saman í komandi aðgerðum.

Eftir að ræðumenn höfðu lokið máli sínu var samþykkt svohljóðandi ályktun:

Baráttufundur á vegum Róttæka félagsins, félags menntaskólanema, haldinn í Menntaskólanum í Reykjavík í kjallara Casa Nova, fimmtudaginn 16. febrúar ályktar að kjaraskerðingarfrumvarp ríkisvaldsins sé eitt af ráðstöfunum ríkisvaldsins til þess að arðræna verkalýðinn. Þetta frumvarp gerir að engu kjarasamningana frá því í sumar og haust og er því ríkisvaldið að skerða frjálsan samningsrétt.

Félagið vill sýna samstöðu sína með verkalýðshreyfingunni og hvetur hana til þess að láta hart mæta hörðu og fara í allsherjarverkfall.

EIK(m-l): Sundrungarafl í röðum alþýðunnar

Í 5. tbl. Stéttabaráttunnar var birt grein sem var þess efnis að krafa var gerð til Eik (ml) að þau sönnuðu skrif og rógburð sinn um framboðstilraun Dagsbrúnarverkamanna nú fyrir skömmu. Málflutningur "Eikaranna" hefur verið á þá leið að um skemmdarverk innan Dagsbrúnar hafi verið að ræða en sem von er er vonlaust fyrir "Eikarana" að sanna að svo hafi verið, einfaldlega vegna þess að þeir þekkja ekkert til þeirra mála er framboðið varða. Því þeirra starf innan Dagsbrúnar hefur verið árangurslítið klór í andstöðu við allt og alla.

Þegar baráttan stendur gegn borgarastéttinni eins og t.d. núna þegar hún svíkur gerða samninga, þá setja "Eikararnir" baráttuna gegn uppkeyptu verkalýðsforystunni á oddinn, sbr. ræðu Bjarna Jónssonar á síðasta Dagsbrúnarfundi.

Þegar baráttan stendur gegn uppkeyptu verkalýðsforystunni eins og t.d. þegar átti að bjóða fram gegn henni og um það ríkti alger eining meðal hundruða félagsmanna þá er klofningsmálflutningur "Eikaranna" sá að "margir (um 100 manns) hafi látið ginnast til að styðja það (framboðið) í von um eitthvað skárra en núverandi stjórn". Þetta er þá álit "Eikara" á dómgreind verkamanna í Dagsbrún.

"Eikarar" óskapast yfir því að félagar Kommúnistaflokksins hafi setið 8. Þing Verkamannasambandsins. Málflutningur þeirra er á þá leið að "málamiðlun "KFÍ ml" hafi kostað sem nam afsali allrar raunverulegrar baráttu gegn stéttasamvinnu á þinginu". (Takið eftir því að "Eikarar" virðast fá einhverja útrás í því að setja Kommúnistaflokk Íslands ml inn í gæsalappir)

En Eik ml yfirsést algerlega að félagar Kommúnistaflokksins ráku harða pólitík gegn stéttasamvinnustefnunni og fyrir því að stéttarfélögin verði gerð að raunverulegum baráttutækjum, á 8. Þinginu.

Og á sama tíma og þingið var haldið stóðu umræður um framboð í Dagsbrún gegn stjórninni í fullum gangi og Eikml virðast heldur ekki skilja að málamiðlun sú sem gerð var við stjórn félagsins um að félagar flokksins fengju sæti á 8. Þinginu var ekki pólitísk málamiðlun heldur var hún einungis um það að fengjum við ekki 3 sæti með góðu myndum við þjóða fram til þingsins á félagsfundi. Í engu var gefið eftir og félagar flokksins fóru inn á þingið án allra skilyrða. En Eikml hafa kannski ætlast til að þeir gerðu "byltingu" á þinginu.

Bréf það sem stjórn Dagsbrúnar var sent og þar með krafist að félagar flokksins fengju sæti á þinginu er birt hér í blaðinu og ræður Sigurðar Jóns og Benedikts sem sátu þingið eru birtar í 45. og 46. tbl. Stéttabaráttunnar 197[illegible]

Eikml og móthverfur meðal alþýðunnar.

Þegar hefur verið sýnt fram á árangurslítið klofningsbrölt Eikml innan Dagsbrúnar og þykir mörgum nóg um en sitthvað er þó eftir sem vert er að nefna ef vera skyldi að það gæti a.m.k. vakið upp árangursríkar umræður innan Eikml.

Eikml hafa nú um langt skeið haldið uppi herferð til að fá áskrifendur Stéttabaráttunnar til þess að segja upp blaðinu.

Í þessu starfi sínu hefur þeim orðið misjafnlega ágengt þ.e. eftir því hve pólitískur þroski og sjálfstæð skoðanamyndun hefur verið rík hjá þeim sem "Eikarar" hafa reynt að hafa áhrif á.

Eftir því sem mér skilst af skrifum Eikml þá skilgreina þeir borgarastéttina sem höfuðóvin sinn en samtökin kjósa fremur að berja höfuðinu við steininn heldur en starfa eftir þessari skilgreiningu sinni. Því hvers vegna hafa þau ekki hafið herferð fyrir því að fólk segði málgögnum borgarastéttarinnar upp t.d. Morgunblaðinu. Það ætti þó að vera mikilvægara, því Morgunblaðið er enn mun áhrifameira til skoðunarmyndunar fólks í landinu heldur en Stéttabaráttan sem er enn lítið blað. Slíka herferð hóf KSML á sínum tíma þ.e. gegn Morgunblaðinu og sú herferð stendur yfir enn. Í því sambandi má nefna texta Kristjáns Guðlaugsonar ritara miðstjórnar Kommúnistaflokksins sem fjallaði um þann fasisma og kúgun sem Morgunblaðið hefur stutt í gegn um árin. Kvæði þetta hét einfaldlega "Segðu mogganum upp".

Afstaða Eikml til þess sameignarfyrirtækis Gagns og Gamans sem er eitt á báti hérlendis um að gefa út róttæka tónlist þ.e. hefur það beinlínis á stefnuskrá sinni, er að það eigi ekki rétt á sér að vera til. Og hvers vegna?

Jú Eikml segja að það séu endurskoðunarsinnar sem stjórna Gagn og Gaman og eins sé þetta fyrirtæki ekki í nógu miklum tengslum við alþýðuna og forystuafl hennar þ.e. Eikml.

Þessi röksemdafærsla er furðuleg því að í fyrsta lagi eru aðstandendur Gagns og Gamans alþýðufólk og eins geta "Eikarar" sjálfum sér um kennt ef þeir halda ekki tengslum við þetta fólk.

Annað mál er svo að Gagn og Gaman er ekki kommúnískt fyrirtæki né pólitíkin sem frá því fer mótuð og markviss.

En þetta fyrirtæki hefur tekið upp baráttuna og verður að fá alla mögulega aðstoð til að halda henni uppi og vísa henni rétta leið.

Framhald á síðu 3.


Frá fundi Baráttueiningar 1976. Þá sýndu marxistar - lleninistar að þeir voru vaxandi afl. Sundrungin síðan hefur aðeins þjónað borgarastéttinni.

BRÉFIÐ SEM SENT VAR:

"Til að forða því að ágreiningur verði í félaginu um fulltrúa þess á næsta þing VMSÍ, viljum við undirritaðir verkamenn leyfa okkur að stinga upp á eftirtöldum mönnum á lista stjórnarinnar:
Guðmundur Þorsteinsson
Benedikt Kristjánsson
Sigurður Jón Ólafsson
Það er von okkar sem undir þetta skrifa að stjórn félagsins taki þessa ábendingu til greina að öðrum kosti verður um tvo lista að ræða á þeim félagsfundi sem ákvörðun tekur í þessu máli."

Framhald af forsíðu

Auðstéttin sýnir sitt rétta andlit

allra borgara-og borgaralegra flokka.

Nú hafa verið haldnir félagsfélagsfundir margra verkalýðs félaga (Dagsbrúnar, Einingar á Akureyri, Vöku á Siglufirði, félagsins í Borgarnesi o. fl.) þar sem samþykkt hefur verið að segja upp samningunum og hefja gagnaðgerðir þó svo þær séu "ólöglegar". Því beita verður alhörðustu aðgerðum til að brjóta á bak aftur ólög slík sem ríkisvaldið hefur nú samþykkt. Auk þess hafa ASÍ, BSRB og Farmanna og fiskimannasambandið ákveðið sameiginlegar aðgerðir 1. mars og ber að fagna slíkri samfylkingu. Því verði vel að málum staðið ætti þetta að verða til að treysta eininguna meðal launafólks. En til þess að slíkt verði þarf að halda tíða fundi í félögunum og halda uppi öflugri verkfallsvörslu. Eins er nú mikilvægt að haldin verði opin kjararáðstefna þar sem félagsmenn þessara þriggja sambanda geta hist og skipst á skoðunum

Það er og hefur verið afstaða Kommúnistaflokksins að vel skipulögð skæruverkföll séu árangursríkari baráttuaðferð heldur en allsherjarverkföll. Þeir kostir sem skæruverkföllunum fylgja eru þeir að hægt er að stöðva nær alla framleiðslu og samgöngur í þjóðfélaginu þó svo aðeins lítill hópur eða félag sé í verkfalli t.d. með því að stöðva bensínafgreiðslu.

Þeir sem ekki þyrftu að vera í verkfalli gætu svo stutt hina sem væru í verkfalli fjárhagslega. Auk þess eru til fleirri fjáröflunarleiðir t.d. skemmtanahald og jafnvel stuðningur frá erlendum alþýðusamböndum.

Gagnaðgerðum atvinnurekenda t.d. verkbönnum, er einfaldlega hægt að svara með því að verkafólkið taki sjálft við rekstri fyrirtækjanna. Auk þess getur atvinnurekandinn sem verkbannið setur á, sjálfum sér um kennt ef hann stöðvar reksturinn.

Verkafólk - verum viðbúin hörðustu átökum því ólög ríkisvaldsins og svik á gerðum kjarasamningum eru ein svívirðilegasta árás atvinnurekenda á hendur verkafólki í áraraðir. Snúum vopnunum við í höndunum á höfuðandstæðingum okkar og snúum varnarbaráttunni snögglega í sóknarbaráttu fyrir þjóðfélagi frjálsra vinnandi manna.